

Aðalfundur Veiðifélags Norðurár 2021
Munaðarnesi 3. júní kl. 20:00

Pátttaka, atkvæði og umboð var frá eftirtöldum veiðiréttareigendum:

Atkv.	Jörð	Eigandi	Forsvarmaður	Umboð	Tilstaðar	Hluttur
0	Afréttarland	Borgarbyggð	Flosi H Sigurðsson	Puríður Guðmundsdóttir		51,7
1	Arnarholt	Arnarholt, félag	Einar Þór Bjarnason	Arnlaugur Guðmundsson		31,0
1	Borgir	Georg Gíslason	Georg Gíslason			19,1
1	Brekka	Elvar Ólason	Elvar Ólason			8,0
1	Dalsmynni	Málfríður Kristjánsdóttir	Málfríður Kristjánsdóttir			11,7
1	Deseý	Sverrir Guðmundsson	Sverrir Guðmundsson	Þórður Smári Sverrisson		1,3
	Dýrastaðir	Jóhannes Pálmason				
1	Einifell	Sigrún Ása Sturludóttir	Sigrún Ása Sturludóttir			92,1
1	Ferjubakki I	Guðrún Fjeldsted	Guðrún Fjeldsted			9,1
1	Ferjubakki II	Þórólfur Sveinsson	Þórólfur Sveinsson			9,1
1	Ferjubakki III	Eva I. Sumarliðadóttir	Eva I. Sumarliðadóttir		Vilhjálmur Sumarliðason	9,1
1	Ferjukot	Magnús Fjeldsted	Magnús Fjeldsted		Heba Magnúsdóttir	9,1
1	Flóðatangi	Jóhann G. Sveinsson	Jóhann G. Sveinsson			22,6
1	Fornihvammur	Vegagerð ríkisins	Valgeir Ingólfsson	Ingi B. Reynisson		16,9
1	Glitstaðir	Guðrún Sigurjónsdóttir	Guðrún Sigurjónsdóttir			56,0
1	Grafarkot	Kristmann Magnússon	Leifur Magnússon		Magnús Kristmannsson	30,5
1	Hafþórsstaðir	Helgi Hjörvar	Helgi Hjörvar			15,6
1	Háreksstaðir	Guðmundur Finnsson	Guðmundur Finnsson			20,6
1	Hlöðutún	Brynjólfur Guðmundsson	Brynjólfur Guðmundsson			21,0
1	Hóll	Þórir Finnsson	Þórir Finnsson			20,7
	Hraunsnef	Jóhann Harðarson				
	Hreðavatn	Hreðavatn ehf.				
	Hreimsstaðir	Georg Garðarsson				
	Hvammur	Festir ehf.				
	Hvassafell	Davíð Magnússon o.fl.				
	Klettstía	Margrét Jómundsdóttir				
1	Krókur	Gunnar Jónsson	Gunnar Jónsson	Guðrún Fjeldsted		27,0
1	Laxfoss	Sigrún Ása Sturludóttir	Sigrún Ása Sturludóttir			74,0
	Litla Skarð	Valdimar Reynisson				
1	Melkot	Jósef Rafnsson	Jósef Rafnsson			4,3
1	Munaðarnes	Guðrún Soffía Karlsdóttir	Guðrún Soffía Karlsdóttir			37,6
	Sanddalstunga	Trausti Ólafsson				
1	Skarðshamrar	Margrét Sigurðardóttir	Margrét Sigurðardóttir	Thelma D. Harðardóttir		32,8
	Sólheimatunga	Kristinn Kristinsson				
	Stafholt	Kirkjujörð				
	Stóra Gröf	Rafn Helgason				
1	Svarfhóll	Sólrun Rafnsdóttir o.fl.	Sólrun Rafnsdóttir			17,2
1	Svartagil	Eiður Ólason	Guðrún Sigurjónsdóttir			15,8
1	Sveinatunga	Farkostur ehf.	Óttar Yngvason	Yngvi Óttarsson		41,2
	Svignaskarð	Efling stéttarfélag				
1	Veiðilækur	Veiðilækur - Rhea ehf.	Sigurður Einarsson			75,5
27	Fjöldi jarða 41	Hlutfall á fundinum = 66%		Arðhlutfall á fundinum = 78%		780,6

Nöfn forsvarsmanna með atkvæði eru feitletruð.

Formaður, Guðrún Sigurjónsdóttir, bauð fundarmenn velkomna á aðalfund Veiðifélags Norðurár og setti fundinn. Hún gerði tillögu um að **Þórólfur Sveinsson** yrði **fundarstjóri** og Magnús Fjeldsted til vara. Einnig að **fundarritarar** yrðu þeir **Arnlaugur Guðmundsson** og **Brynjólfur Guðmundsson** til vara. Var það samþykkt.

Þórólfur tók við stjórn fundarins og kallaði eftir umboðum og upplýsingum ef mættir væru nýir forsvarsmenn jarða. Niðurstaðan er hér að ofan; samtals voru 31 mættir á fundinn með 27 atkvæði.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Fjárhagsáætlun
4. Kosningar
5. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Skýrsluna flutti **Guðrún Sigurjónsdóttir** formaður:

Ágætu félagar.

Nýkjörin stjórn kom saman að loknum aðalfundi í fyrra og skipti með sér verkum. Samþykkt var tillaga um óbreytta starfsskiptingu innan stjórnar og er hún svona:

Guðrún Sigurjónsdóttir formaður

Elvar Ólason varaformaður

Arnlaugur Guðmundsson ritari

Sigrún Ása Sturludóttir og Guðrún Fjeldsted meðstjórnendur.

Stjórn hélt 14 stjórnarfundum á árinu, þar af 7 myndfundum. Mæting stjórnarmanna á fundum var mjög góð og hefur samstarf innan stjórnar gengið með ágætum.

Ég flyt ykkur nú yfirlit yfir helstu verkefni sem hafa komið inn á borð stjórnar frá síðasta aðalfundi.

Síðasta sumar var erfitt í laxveiðinni. Áin var vatnslítill, miklir þurrkar og hiti, veiðin var mjög döpur og lítið sást af laxi. Við náðum ekki að rjúfa 1000 laxa múrinn og er staðan nú þannig að of mörg léleg laxveiðisumar hafa verið á undanförunum árum. Við slíkar aðstæður er erfiðara að selja veiðileyfin og mikið erfiðara að þrýsta verðum uppá við. Við þurfum að gera það sem við getum til að fjölga laxi í ánni og verðum með sérstakan dagskrárlið hér á eftir um fiskræktina. Þrátt fyrir erfiðleika í sölumálum vegna Covid-veirunnar og lítillar laxveiði undanfarinna ára náði Einar góðum árangri í sölumálunum. Einar náði nánast að fullselja ána og alltaf var fullt í veiðihúsinu en til þess þurfti að gefa eftir í verðum bæði í sölu veiðileyfa og eins fyrir mat og gistingu.

Magnús Fjeldsted sá um veiðivörslu síðast liðið sumar og verður áfram veiðivörður í ár og þökkum við honum kærlega fyrir það. Jón Axel Jónsson leysir Magnús af ef með þarf en hann stundar einnig veiðar á mink með ánni. Við óskum eftir því að við séum látin vita ef vitað er um mink og eins vitum við að mávurinn hefur verið drjúgur í seiðunum og óskum líka eftir að landeigendur láti okkur vita ef mikið er um máv.

Sala veiðileyfa í vetur hefur verið mjög erfið bæði eftir lélegt veiðisumar í fyrra svo og voru erlendir veiðimenn í óvissu um ferðalög sín til Íslands en nokkuð er nú að greiðast úr því. Útlit með sölumál er gott, Einar er búinn að selja mest allt en aðeins er óvissa með júlí mánuð ennþá. Einar hefur viðrað þá hugmynd við okkur að stækka efra veiðisvæðið og bæta Sanddalsá, Helliá og Bjarnardalsá við með því skilyrði að allri veiði þar yrði sleppt. Á síðasta aðalfundi var samþykkt tillaga þess efnis að við skyldum endurskoða samninginn við Einar. Til þess kom ekki þar sem Einar hefur hefur nú sagt upp samningnum og munum við fjalla um fyrirkomulag sölumála í sérstökum dagskrárlið hér á eftir. Einari eru þökk góð og vel unnin störf en samstarfi okkar líkur í haust eftir veiðitímabilið. Vegna Covid-ástandsins var ekki úr að veiðiréttareigendum væri boðið til veislu í veiðihúsinu en stefnt er að því í haust þar sem við munum kveðja Einar og Önnu.

Unnið hefur verið að lagfæringu á veiðistöðum bæði Snagakletti og Símastreng. Fiskræktarsjóður styrkti framkvæmdina við Snagaklett í fyrra en framkvæmdin í Símastreng er kostuð af Veiðifélaginu. Landeigendur hafa margir hverjir einnig lagt í kostnaðarsamar framkvæmdir við viðhald og lagningu veiðivega og í flestum tilfellum borið þann kostnað sjálfir. Ætlunin var að halda félagsfund síðast liðið

haust og taka þessi mál þar til umfjöllunar og reyna að móta verklagsreglur en veiran kom í veg fyrir það. Við fjöllum frekar um lagfæringu á veiðistöðum og veiðivegum og kostnaðarskiptingu vegna þeirra í sérstökum dagskrárlið hér á eftir.

Skógarnef var auglýst veiðirettareigendum til kaups eftir að Eiríkur Ingólfsson hafði lauslega metið hvað fengist fyrir það. Fjórir veiðirettareigendur sýndu áhuga og þrír buðu í húsið. Stjórn að formanni undanskildum sem vegna vanhæfis sat ekki stjórnarfundi vegna solumála samþykkti að taka hæsta boði en í því boði var einnig innifalinn frágangur lóðar. Eiður Ólason á Glitstöðum átti hæsta boð og keypti húsið til flutnings. Þar með lýkur 25 ára sögu félagsins í Hvammslandi en við flytjum okkur um set því við höfum gert 5 ára leigusamning við húseigendur íbúðarhússins á Háreksstöðum og byrjum við í því húsi í júlí. Við þurfum að nýta þau fimm ár í að ákveða framhaldið varðandi húsakost á fjallinu eða hvaða fyrirkomulag við höfum varðandi veiðina þar.

Við höfum sótt um ljósleiðara í veiðihúsið og verður hann líklega lagður í haust. Nokkur kostnaður verður við að koma netsambandi um húsið en nýi hlutinn er ákaflega vel einangraður og járnbundinn svo varla er símasamband þar.

Við höfum endurnýjað tækjakost í eldhúsi fyrir talsvert fé. Skipt var út gömlum búnaði fyrir nýja gaseldavél, pönnu, djúpsteikingarpott og rafgrill en með þessum tækjum verður auðveldara að hafa fjölbreyttari matsæðil. Tækin voru keypt hjá Verslunartækni og mun það fyrirtæki einnig hafa milligöngu um að selja gömlu tækin. Við höfum einnig ákveðið að kaupa 10 ný rúm og verða þá ný rúm í öllu húsinu. Þau gömlu nýtast í Brekkubæ og í Kotinu.

Við fengum Sindra Amfjörð til að lagfæra bílplanið en miklir svellbunkar hafa myndast á því á vetur. Verkið bar tilætlaðan árangur, allt var vel drenað og enginn klaki á bílplaninu í vetur. Sindri vann í vor við þéttingu rotþróarinnar en sumarið leiðir svo í ljós hvort sú aðgerð dugar til að lykt berist ekki frá henni. Öðrum kosti munum við væntanlega skipta um rotþró fyrir næsta veiðitímabil.

Stjórn ákvað að skoða hvernig væri best að geyma rafræn skjöl félagsins. Arnlaugur hefur unnið að því máli og erum við nú með gagnageymslusvæði hjá Premis og stefnum að því að geyma þar ýmis gögn, fundargerðir, samninga, myndir o.fl. Stjórnarmenn hafa svo aðgang að gögnum félagsins þar.

Jón G. Baldvinsson hefur verið að skrifa sögu Norðurár og hafa þeir Kristmann Magnússon og Friðrik Stefánsson komið að því verki nú á síðari stigum. Kristmann til að annast fjármálin í kringum útgáfu og Friðrik í annað utanum hald verksins. Staðan er nú þannig að vænst er útgáfu bókarinnar fyrir jólin. En stjórn leggur til að Veiðifélagið kaupi upplagið og selji síðan.

Árnefndin hefur starfað líkt og undanfarin ár og höfum við átt gott samstarf við hana. Það er Friðrik Stefánsson sem fer fyrir hópnum og það er okkur vel ljóst að þar er haldið vel utan um alla þætti og mikill auður sem felst í slíkum hópi manna sem finnst ekki síður vænt um allt sem viðkemur ánni ekki síður en okkur landeigendur sjálfum. Að hefðbundnum verkum nefndarinnar undanskildum þá hafa þeir unnið að endurbótum á búnaði til að þurrka veiðiföt í vöðlugeymslunni auk þess að breyta setustofu gæða aftur í herbergi.

Aðalfundur Landssambands Veiðifélaga var örstuttur afgreiðslufundur sem við Guðrún Fjeldsted sátum. Rætt var m.a. um fiskeldi í sjó og Guðrún Fjeldsted flutti ræðu um það hvernig eignarhlutur í veiðihúsum breytist við mat þannig að þeir sem lögðu kannski mest til í byggingu veiðihúss geta lent í að eiga lítið eftir nýtt mat. Eins var lítillga rætt um hvernig eigi að bregðast við ef landeigendur neita að veitt sé fyrir þeirra landi eða hamla aðgengi að veiðistöðum. Aðalfundur Sambands Borgfirskra veiðiaá verður haldinn í næstu viku. Stjórnin átti síðan myndfund með Guðna Magnúsi Einarssyni á Fiskistofu og Sigurði Má Einarssyni frá Hafrannsóknarstofnun þar sem við fórum yfir lög og reglur varðandi malartöku og þá hvenær Fiskistofa á að gefa út leyfi vegna framkvæmda við ána og hvenær leyfisveiting snýr að sveitarfélaginu. Í stuttu máli sagt þá er sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka háð leyfi Fiskistofu og gildir það hjá okkur um Norðurá og þær hliðarár

sem eru á vatnasvæði Norðurár. Því miður er það svo að við höfum ítrekað þurft að hafa afskipti af aðilum sem ekki virða þetta og vil ég biðja ykkur landeigendur að fara eftir þeim lögum sem í gildi eru varðandi umgengni og framkvæmdir við ána. Í 33. grein laga um lax-og silungaveiði er fjallað um þessi atriði.

Ég vil að lokum minna ykkur veiðiréttareigendur á að huga að og lagfæra slóða að veiðistöðum eftir veturinn svo og að hreinsa rusl meðfram ánni, hver landeigandi fyrir sínu landi. Eins vil ég áréttta að við sem leigum ána út verðum að gæta þess að vera með lágmarks rask í kringum hana meðan hún er í útleigu en veiðimaðurinn er viðkvæmur fyrir því.

Að endingu vil ég þakka Brynjólfi Guðmundssyni í Hlöðutúni gott starf fyrir Veiðifélagið en hann er alltaf boðinn og búinn að aðstoða okkur þegar eitthvað þjatar á í veiðihúsinu eða einhverju þarf að sinna þar og stjórnarmönnum þakka ég fyrir gott samstarf á árinu. Við höfum náð að vinna vel saman og það er farsælast.

Kærar þakkir fyrir mig.

Guðrún Sigurjónsdóttir

2. Reikningar

Eintaki af ársreikning Veiðifélags Norðurár var dreift til fundarmanna. **Formaður** fór yfir reikningana. Sala á milli ára lækkaði þó nokkuð vegna afsláttá sem varð að gefa vegna Covid. Húsaleigan hækkaði til veiðifélagsins. Það varð töluveður kostnaður vegna lagfæringar á gólfi í vöðlugeymslunni. Lagt var í nokkurn kostnað við kláfinn og það var keyptur bátur til að hafa fyrir landi Veiðilækjar.

3. Fjárhagsáætlun

Formaður fór yfir fjárhagsáætlun. Við rennum nokkuð blint í sjóinn með tekjur ársins. Reiknum með að setja þó nokkurn pening í seiðældi og sleppingar, einnig kostnað við að taka inn ljósleiðara og leggja hann um húsið. Borgum núna húsaleigu fyrir íbúðarhúsið á Háreksstöðum sem verður nýtt sem veiðihús fyrir efsta svæðið.

Fundarstjóri fór yfir mætingu og umboð: 27 atkvæði voru á fundinum.

Umræður

Sigurður Einarsson spurði hvers vegna ekki komi komi fram í reikningunum hvað félagið greiði til söluaðila. Hann telur að það gæfi réttari mynd af heildartekjum og gjöldum árinna.

Formaður skýrði málið. Við höfum rætt þetta við endurskoðandann, hann ráðlagði að gera þetta svona. Við fáum að sjá alla reikninga. **Guðrún Fjeldsted** upplýsti fundinn um stærðargráðu brúttó tekna Einars vegna sölunnar.

Fundarstjóri bar reikninga félagsins undir atkvæði, reikningarnir samþykktir samhljóða.

Fundarstjóri bar fjárhagsáætlun undir atkvæði, áætlunin samþykkt samhljóða.

4. Kosningar

- a. Kjör eins stjórnarmanns til þriggja ára. Kosning var leynileg, kosningu hlutu:
 1. **Elvar Ólason** sem hlaut 16 atkvæði og
 2. **Pórður Smári Sverrisson** sem hlaut 10 atkvæði. Elvar Ólason var því rétt kjörinn.
- b. Kjör þriggja varastjórnarmanna til eins árs. Kosin voru leynilega í þessari röð:
 1. **Magnús Fjeldsted,**
 2. **Guðrún Soffía Karlsdóttir** og
 3. **Pórður Smári Sverrisson.**
- c. Kjör tveggja fulltrúa VN á aðalfund LV og eins til vara. Kosnin voru með leynilegri kosningu:
 1. **Guðrún Sigurjónsdóttir** og
 2. **Guðrún Fjeldsted** og til vara:
 3. **Arnlaugur Guðmundsson.**
- d. Kjör tveggja fulltrúa á aðalfund Sambands Borgfirskra veiðifélaga og tveggja til vara. Formaður er sjálfkjörin. Kosin voru með handauppréttingu:
 1. **Guðrún Fjeldsted** og **Pórir Finnsson** og til vara:
 2. **Brynjólfur Guðmundsson** og **Jósef Rafnsson.**
- e. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara. Kosin voru með handauppréttingu:
 1. **Guðrún Soffía Karlsdóttir** og
 2. **Brynjólfur Guðmundsson,** og til vara
 3. **Georg Gíslason.**
- f. Kjör löggilts endurskoðanda. Kosinn var með handauppréttingu:
 1. **KPMG, Konráð Konráðsson.**

5. Önnur mál

a. Fyrirkomulag sölumála

Formaður flutti þær fréttir að Einar Sigfússon hefði með bréfi upplýst að hann hygðist ekki nýta framlengingarákvæði sölusamningsins. Formaður las upp bréfið frá Einari. Það hafa nokkrir aðilar haft samband og lýst yfir áhuga á að koma að rekstri árinna. **Formaður** greindi frá skriflegu tilboði Hreggnasa um leigu á ánni fyrir fast verð og bréfi frá Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur og Friðriki Þ. Stefánssyni þar sem þau leita eftir samstarfi um rekstur Norðurár á svipuðum nótum og Einar Sigfússon hefur gert undanfarin ár.

Umræður

Helgi Hjörvar spurði um tilboðið.

Yngvi Óttarsson sagðist hafa tekið þátt í ferli um hvernig ætti að standa að útleigu/sameiginlegu rekstrarformi í Laxá í Ásum. Við völdum þar 5 aðila sem skilðu inn tilboðum/hugmyndum um hvað þeir teldu sig geta selt fyrir og hvað þeir vildu fá í sína þóknun. Við héldum fund með þeim og gáfum þeim svo einkunn. Við fengum góða niðurstöðu sem ekki var hægt að sjá fyrir. Þetta var í raun e.k. lokað útboð unnið af stjórn félagsins. Get mælt með svona ferli frekar en að bjóða út. Í Laxá á Ásum er nú sama fyrirkomulag og er hér í Norðurá.

Sigurður Einarsson sagði að við töpum engu á að skoða svona ferli.

Guðrún Fjeldsted sagðist aldrei hafa verið hrifin af þessu fyrirkomulagi sem við höfum í dag, við fáum of lítið fyrir húsið. Finnst ekki gott að hafa ekki verðskrána í höndunum.

Magnús Fjeldsted sagði það útilokað að við tækjum ákvörðun núna í kvöld, honum lýst vel á að fara í svona skoðun.

Sigrún Sturludóttir sagði að síðast þegar við fórum í útboð þá kom einungis tilboð frá SVFR. Tilboðunum var hafnað og samið við Einar Sigfússon um sölu á veiðileyfum.

Jósef Rafnsson sagði að við hefðum verið upp við vegg þegar við sömndum við Einar. Það snýst mikið um hvernig veiðist í sumar.

Guðrún Soffía spurði um hvernig fyrirkomulag þeir aðilar hugsa sem hafa boðist til að selja ána.

Formaður upplýsti þeir bjóðast til að reka ána næstu 5- 8 árin. Grunnurinn yrði eins og hjá Einari, byggt yrði á framtíðarsýn fyrri ára. Formanni lýst vel á hugmynd Yngva.

Magnús Fjeldsted sagði það er alltof seint að segja samning upp í lok sumars á því ári sem samningurinn rennur út.

Þórður Smári Sverrisson spurði hvort fleiri hafi haft samband.

Formaður upplýsti að það hafa bara tveir aðilar haft samband.

Magnús Fjeldsted sagði að við þurfum að sjá á samningstímanum hvernig fiskræktin gengur.

Brynjólfur Guðmundsson spurði hvort veiðifélagið hefði nöfnin á kúnnahópnum sem Einar hefur verið að selja. Honum lýst vel á samstarf eins og hefur verið við Einar.

Formaður upplýsti að Einar yrði þeim aðilum, sem núna hafa lýst sig tilbúna til að reka ána, innan handar, þau myndu þá fá yfirlit yfir kúnnahópinn.

Arnlaugur Guðmundsson upplýsti að stjórn væri ekki alveg sammála um eina tillögu. Þegar hann kom í stjórn hafði verið verslað við sama aðila í um 70 ár og því tímabili lauk. Ef samið verður um fast gjald fyrir ána þarf viðkomandi að hafa fjárhagslega getu til að standa við það. Hann sagði að þau Guðrún Sigurjónsdóttir og Konráð hjá KPMG hafi farið yfir samninginn við Einar og komið hafi í ljós hann mætti bæta. Á síðasta sumri þá fengum við um 80% fullu söluverði skv. verðlista. AG hefur verið mjög ánægður með Einar sem tekur á móti gestum þegar þeir koma og kveður þá þegar þeir fara. Arnlaugi finnst mjög skynsamlegt að handvelja sölumenn, það er í lagi að hafa það uppá borðinu að nú sé verið að leita að söluaðila.

Formaður flutti tvær tillögur:

Tillaga 1

Aðalfundur í Veiðifélagið Norðurár haldinn í Munaðarnesi 3. júní 2021 samþykkir að ganga til samstarfs um rekstur Norðurár við Eyrúnu Sigþórsdóttur og Friðrik Stefánsson. Drög að samningi verði lögð fyrir félagsfund innan mánaðar.

Tillaga 2

Aðalfundur í Veiðifélagið Norðurár haldinn í Munaðarnesi 3. júní 2021 samþykkir að leita eftir aðila til að eiga samstarf við um rekstur árinna. Drög að samningi verði lögð fyrir félagsfund innan tveggja mánaða.

Arnlaugur sagði að ef fyrri tillagan yrði samþykkt þá yrði samið við þá aðila og samningurinn lagður fyrir félagsfund.

Fundarstjóri fór yfir hvor tillagan yrði borðin upp á undan og spurði hvort fundarmenn óskuðu eftir skriflegri atkvæðagreiðslu. Ekki komu fram óskir um skriflega atkvæðagreiðslu. **Fundarstjóri** bar tillögurnar upp:

Tillaga 1. Samningur við Eyrúnu og Friðrik. Atkvæði féllu þannig: 8 með 19 á móti. Tillagan var felld.

Tillaga 2. Leita að aðila til að reka ána. Tillagan var samþykkt samhljóða.

b. Fiskræktun

Formaður sagði að með fundarboðinu hafi skýrsla Sigurðar Mús Einarssonar og Ástu Kristínar Guðmundsdóttur um vöktun laxastofna á vatnasvæði Norðurár 2020 verið send samtímis. Veiðin í fyrra var langt undir því að vera ásættanleg. Það hefur verið lítið um seiðasleppingar síðustu ár. Þeir seiðaárgangar sem eiga að skila laxi í ána á næsta ári eru fálíðaðir.

Formaður ræddi eftirfarandi hugmynd:

Í fyrrahaust vorum við með laxakistur í ánni, en það veiddist lítið í þær, því var farið í að draga á og við töldum okkur eiga að geta fengið 30.000 seiði, en þau verða eitthvað færri. Við ætlum að setja seiðin út sem gönguseiði árið 2022. Við leggjum til að við förum strax í að taka klakfisk og förum með hann í stöðina á Laxeyri. Tökum svo aftur fisk á næsta ári. Rætt hefur verið um hrognagröf, en hann er umdeildur.

Gönguseiðin kosta 250 krónur stykkið. Svo þarf að athuga með sleppikvíar, þurfum tvær kvíar. Þetta verður umtalverður kostnaður.

Umræður

Yngvi Óttarsson sagðist hafa velt þessu fyrir sér og hann hafi sent hugleiðingar sínar til formanns. Hann varar við inngripi í seiðabúskapinn, látum ána frekar jafna sig. Hann sér ekki hvernig hrognagröftur á að skila meiru en hrygning. Það er góður hrognapöttleiki í ánni. Bætt umgengni er að skila sér. Göngum áfram vel um ána og herðum reglur um sleppingar. Í undantekningartilvikum getur verið að við eigum að grípa inní, en fyrst og fremst eigum við að bæta umgengi og auka sleppingar.

Sigurður Einarsson spurði hvort tillaga formanns væri í samráði við fiskifræðinga.

Formaður sagði að í þurrkum safnist seiðin saman og þá er erfitt að ofmeta ekki seiðavísitöluna. Hugmyndin er unnin í samráði við Hafrannsóknarstofnun.

Jósef Rafnsson sagði vera mikla aukningu á sílamáf neðst í ánni, hann étur mikið af seiðum.

Magnús Fjeldsted upplýsti að í fyrra förum við í að leyfa að hirða einn lax á vakt og það væri spurningin um að breyta því í einn lax á dag.

Formaður upplýsti að Einar hafi mælt til þess við veiðimenn að þeir sleppi sem mestu, og öllum lögum yfir 70 sm er sleppt.

c. Aðgengi að ánni og lagfæring veiðistaða, kostnaðarskipting

Formaður. Okkur ber skylda til að lagfæra vegi og huga að veiðistöðum. Spurningin er hver á að bera kostnað af verkinu. Það hefur komið bréf frá eigendum Grafarkots vegna kostnaðar við veg. Það er líka kostnaður við báta. Spurningin er hvernig á að skipta kostnaðinum og standa að þessu. Við förum í það í vor að lagfæra Símastrenginn.

Umræður

Þórólfur Sveinsson sagði svona mál hafa komið kom upp hjá Gljúfurá, án niðurstöðu. Það getur verið lykilatriði fyrir ána í heild og skiptir landeigendur miklu máli.

Ingi B. Reynisson upplýsti að í Þverá er það leigutakinn og veiðifélagið sem sér um þetta.

Formaður benti á að þetta hafi verið rætt á aðalfundi þann 9. maí 2008. Þá var samþykkt að kostnaði við lagfæringar á veiðistöðum og aðrar framkvæmdir sem stuðla að aukinni veiði í ánni verði skipt þannig að Veiðifélagið greiði 1/3 hluta kostnaðar á móti landeigendum. Tekið var fram að vegagerð og lagfæring við ána er ekki inni í þessu, það sé alfarið veiðifélagsins.

Sigurður Einarsson telur að veiðifélagið eigi að gera þetta.

Magnús Kristmannsson vill að landeigendur taki þátt í kostnaði.

Helgi Hjörvar upplýsti að veiðifélagið kostaði alla aðgerð í Símastreng, stundum gerast hlutirnir ekki nema félagið geri þetta.

Sverrir Guðmundsson sagði frá því að Litlaá moki miklu efni fram, nú er ósinn fullur af mól. Þarna þyrfti að taka efni.

Magnús Fjeldsted sagði Símastrenginn langbesta veiðistaðinn upp í ánni, hann þarf að vera inni.

Formaður sagði að sums staðar þarf alltaf að vera að lagfæra, en ekki annarsstaðar.

d. Nýting á neðsta hluta árinna

Pórolfur Sveinsson upplýsti að hann hafi lengi verið tortrygginn á hvort veiði sé rétt skráð á neðsta hluta árinna. Það hefur verið mokveiði á sjóbirting í Skugga, er þessi fiskur að koma í Norðurá. Þessi mikla veiði í Skugga kom á óvart.

e. Verklag stjórnar

Magnús Kristmannsson kvartaði undan stjórn, hann fékk stjórnarfundargerðir seint. Þarf að fá þær fyrir sem varamaður. Einnig að hann hafi leitað að lögðum félagsins og ekki fundið og spurði: Hvar finn ég þau? Einnig um það hvort það væri malarnám í gangi einhversstaðar í ánni?

Formaður Lofaði bót og betrun hvað varðar fundargerðir. Samþykktir veiðifélagsins eru á netinu. Það var lagfært við Snagaklett og Símastreng. Það eru aðilar með leyfi til að taka möl, en ekki á veiðitíma.

f. Bók um Norðurá.

Það er verið að skrifa bók um Norðurá í hverri ánni er fylgt eftir og hverjum veiðistað lýst. Einnig eru tekin viðtöl við fólk sem tengist ánni. Formaður ræddi um útgáfu bókarinnar og um hvernig ætti að standa að fjármögnun. **Formaður** flutti tillögu stjórnar um að fjármagna lager af bókinni um Norðurá, allt að 2,5 milljón króna. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:50 og boðið upp á kaffiveitingar.

Arnlaugur Guðmundsson
og Brynjólfur Guðmundsson
rituðu fundargerð